

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 135/2017

2019/EES/40/18

frá 7. júlí 2017

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/237 frá 10. febrúar 2017 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/238 frá 10. febrúar 2017 um breytingu á VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur <sup>(2)</sup>.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 1a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009) í XVI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32017 R 0237:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/237 frá 10. febrúar 2017 (Stjútíð. ESB L 36, 11.2.2017, bls. 12),
- **32017 R 0238:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/238 frá 10. febrúar 2017 (Stjútíð. ESB L 36, 11.2.2017, bls. 37).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2017/237 og (ESB) 2017/238, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. júlí 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. júlí 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Sabine Monauni**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 36, 11.2.2017, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 36, 11.2.2017, bls. 37.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.